

# Skýrsla framkvæmdastjórnar um starfsemi Rekstrarfélags Sarps árið 2023

## Ársskýrsla flutt á aðalfundi Rekstrarfélags Sarps haldinn í Reykjavík 27. maí 2024.

Landskerfi bókasafna hf. hefur umsjón með rekstri Rekstrarfélags Sarps í samræmi við þjónustusamning milli Landskerfis bókasafna hf. (LB) og Rekstrarfélags Sarps (RS).

Formlegt samstarf félaganna má rekja til haustsins 2013 þegar RS óskaði eftir samtarfi við LB og gerður var þjónustusamningur þar um. Síðan þá hefur samningurinn verið endurnýjaður þrisvar sinnum, síðast í byrjun árs 2024. Markmið samstarfs RS og LB er að samnýta aðföng og þekkingu í þeim tilgangi að stuðla að auknum gæðum skráningar í Sarp, betri upplýsingagjöf til eigenda og viðskiptavina, öflugri notendabjónustu, betra aðgengi almennings að gögnum auk þess að stuðla að áframhaldandi þróun Sarps. Í þjónustusamningnum felst að LB sér um daglegan rekstur, stjórnun, starfsmannahald, samningagerð, áframhaldandi kerfisþróun og notendabjónustu.

Skrifstofa RS er staðsett í húsnæði LB að Katrínartúni 4, Reykjavík.

## Stjórnun félagsins

Samkvæmt samþykktum RS er stjórnun félagsins tvíþætt. Annars vegar skal félagið skipað níu manna fulltrúaráði og skal formaður koma frá Þjóðminjasafni Íslands. Hins vegar skal ráðið kjósa úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdastjórn. Meginhlutverk fulltrúaráðs samkvæmt samþykktum félagsins er að ákveða stefnu þess, kjósa framkvæmdastjórn og hafa eftirlit með starfsemi RS.

Aðalfundur Rekstrarfélags Sarps var haldinn 30. maí 2023. Á fundinum voru eftirtalin kjörin í fulltrúaráð: Þorbjörg Gunnarsdóttir, formaður og Ágústa Kristófersdóttir frá Þjóðminjasafni Íslands, Björn Steinar Pálmason og Dagný Heiðdal frá Listasafni Íslands, Anita Elefsen frá Síldarminjasafni Íslands, Berglind Þorsteinsdóttir frá Byggðasafni Skagfirðinga, Gerður Róbertsdóttir og Þorvaldur Gröndal frá Borgarsögusafni Reykjavíkur auk Elsu Guðnýjar Björgvinsdóttur frá Minjasafni Austurlands.

Fulltrúaráðið fundaði í kjölfar aðalfundar og kaus eftirtalin í þriggja manna framkvæmdastjórn: Ágústa Kristófersdóttir, formaður, Björn Steinar Pálmason og Gerður Róbertsdóttir. Varamenn voru kjörnir: Anita Elefsen, Dagný Heiðdal og Þorbjörg Gunnarsdóttir. Fulltrúaráð fundaði fjórum sinnum á árinu 2023, þar af tvisvar eftir aðalfund.

## Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum þess á milli funda fulltrúaráðs og aðalfundar. Meginhlutverk framkvæmdastjórnar samkvæmt samþykktum félagsins er að hafa eftirlit með rekstri þess og sjá til þess að skipulag og starfsemi sé í góðu horfi, að taka ákvörðun um veitingu notendaleyfa og setja gjaldskrá fyrir þjónustu félagsins. Gjaldskráin er þrepaskipt og tekur mið af ársverkafjölda aðildarsafns. Gjaldið hækkar á milli ára í takt við vísitölu neysluverðs. Gjaldskráin er aðgengileg á heimasíðu félagsins.

Framkvæmdastjórnin hélt alls 7 fundi á árinu 2023.

Stærstu verkefnið sem komu inn á borð stjórnar snéru í fyrsta lagi að vali á nýju skráningar- og umsýslukerfi sem tekur við af Sarpi 3 og annars vegar að svokölluðu DAM (e: Digital Asset Management) kerfi sem stjórn telur nauðsynlega viðbót við nýjan Sarp bæði fyrir umsýslu en ekki síður varðveislustafræns efnis.

Rifja má upp að útboð nýs kerfis var auglýst í lok árs 2022 á EES svæðinu. Nokkur tilboð bárust snemma árs 2023 og að úrvinnslu þeirra lokinni héldu þrír framleiðendur sem buðu jafnmörg kerfi áfram í notandaprófanir sem dómnefnd Sarpsnotanda dæmdi síðla marsmánuðar. Gleðilegt var að sama kerfi og kom best út úr notandaprófunum var jafnframt það sem Ríkiskaup gerðu tillögu um að félagið myndi taka enda væri það hagstæðast. Þetta var tilboð Zetcom GmbH sem bauð MuseumPlus skráningar- og umsýslukerfið.

Að afloknum aðalfundi síðasta árs hófust samningaviðræður við Zetcom og samhliða því skoðun á hugbúnaði sem boðinn var sem valkvæm viðbót fyrir ytri vef Sarps. Rætt var við erlend söfn um reynslu þeirra af notkun MuseumPlus skráningarkerfinu og yfirfærslu yfir í það kerfi. Einn þessara aðila ráðlagði á grunni eigin reynslu eindregið að forðast allar séraðlaganir á kerfinu. Aðilarnir voru ánægðir með kerfið en voru sammála um að innleiðingin hefði útheimt mikla vinnu og að mjög hefði reynt á markvissa eftirfylgni með verkefninu.

Á endanum varð niðurstaðan sú að ganga til samninga við Zetcom GmbH um innleiðingu og afnot af bæði MuseumPlus kerfinu og ytri vefs kerfinu sem kallast eMuseumPlus sem munu leysa Sarp og sarpur.is af hólmi. Um er að ræða hugbúnaðarþjónustu, þ.e. leigður er aðgangur að kerfunum sem eru hýst í gagnaveri (Amazon S3) í Frankfurt í Þýskalandi. Stofnkostnaður beggja kerfa hljóðaði upp á rúmar 42 m.kr. á þáverandi gengi og árlegur rekstrarkostnaður upp á rúmar 11 m.kr. Rekstrarkostnaður hækkar árlega um 2% eftir að tvö ár eru liðin af samningstíma. Samningstími er 8 ár með möguleika á 2 ára framlengingu í tvígang þannig að hámarkslengd eru 12 ár. Í tilfelli eMuseumPlus eru sérstök uppsagnarákvæði þannig að hægt verður að segja kerfiseiningunni upp eftir tvö ár skipist mál á þann veg að ákveðið verði að smíða ytri vef frá grunni. Innleiðingartími var í samningi áætlaður 12-16 mánuðir.

Rekstrarfélag Sarps er aðili að Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista (MSHL). Í gegnum það samstarf fékk RS styrk sem nemur 42 m.kr. úr Innviðasjóði Rannís til að standa straum af kostnaði vegna nýs Sarps.

Á árinu 2022 sótti félagið um styrk vegna áætlaðs stofnkostnaðar við DAM kerfi í gegnum MSHL en fékk ekki brautargengi. Á árinu 2023 kynnti félagið sér DAM kerfi á markaði sem hafa verið samþætt við MuseumPlus og aflaði upplýsinga um kostnað. Rekstrarkostnaður reyndist langt umfram það sem félagið getur staðið undir og varð það því niðurstaðan að frekari upplýsingaöflunar væri þörf. Ákveðið var að sækja um styrk í Innviðasjóð Rannís haustið 2023 fyrir vandaða þarfagreiningu rétt eins og gert var í aðdraganda útboðs á skráningarkerfi þannig að betur mætti leggja mat á kröfur og þar með kostnað. Því miður fór á sömu lund og árið áður þ.e. við úthlutun úr sjóðnum í febrúar á þessu ári kom í ljós að verkefnið var ekki á meðal þeirra MSHL verkefna sem Innviðasjóður Rannís ákvað að styrkja. Síðan þá hefur málið verið á ís. Þó er jafn ljóst og áður að DAM kerfi er nauðsynleg viðbót við nýjan Sarp.

Betur gekk er félagið á haustdögum sótti um verkefnastyrk í safnasjóð vegna aðkeyprar vinnu sérfræðinga við undirbúning gagnayfirfærslu úr Sarpi 3 í MuseumPlus. Í byrjun janúar 2024 kom í ljós að verkefnið hefði hlotið brautargengi og nemur styrkurinn 1,65 m.kr.

### **Starfsmannahald**

Sveinbjörg Sveinsdóttir starfaði sem framkvæmdastjóri RS og LB en sérfræðingar LB sinntu afmörkuðum verkefnum og ráðgjöf við RS í um 60% starfshlutfalli.

Vala Gunnarsdóttir gegndi starfi fagstjóra Sarps og Anna Rut Guðmundsdóttir starfi sérfræðings og voru báðar í fullu starfi á starfsárinu. Helmingur af stöðugildi sérfræðings er fjármagnað í gegnum öndvegisstyrk sem fékkst úr safnasjóði fyrir árin 2022-2024. Bæði fagstjóri og sérfræðingur eru starfsmenn LB en sinna alfarið verkefnum fyrir RS sem greiðir allan útlagðan launa- og launatengdan kostnað samkvæmt reikningi.

## **Rekstur RS**

Félagið var rekið á grundvelli fjárhagsáætlunar sem samþykkt var í upphafi starfsársins.

Rekstrartekjur félagsins á árinu 2023 námu 62,1 m.kr. og skiptast í tekjur vegna notendaleyfissamninga, 47,8 m.kr. og styrki úr annars vegar öndvegissjóði safnaráðs í gegnum Borgarsögusafn Reykjavíkur 4,8 m.kr. og hins vegar styrk úr innviðasjóði Rannís í gegnum Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista 9,5 m.kr. Rekstrartekjur hækka um 16,4% frá fyrra ári.

Rekstrarkostnaður ársins 2023 var 55,8 m. kr. og hækkar um ríflega 44% frá árinu 2022. Hann skiptist í þrennt, rekstrarkostnað kerfis, 18,8 m.kr., laun og launatengdan kostnað, 22,8 m.kr. og annan rekstrarkostnað, 14,1 m.kr. Mestu munar um hækkun á launum og launatengdum gjöldum sem skýrist af því að á árinu voru í fyrsta skipti tveir starfsmenn í fullu starfi allt árið. Rekstrarkostnaður kerfis hækkar einnig verulega vegna vinnu við útboð og samningagerð.

Hreinar rekstrartekjur nema 6,4 m.kr. og að teknu tilliti til fjármunatekna verður hagnaður ársins 9. m.kr.

Eigið fé félagsins í lok árs 2023 er 80,4 m.kr. og heildareignir eru 83,9 m.kr. Þar af eru 46,2 m.kr. bundnar í Þróunarsjóði sem settur var á laggirnar á aðalfundi félagsins árið 2017 og lítur sérstökum verklagsreglum líkt og kemur fram í skýringu 8 í ársreikningi. Tilgangur með sjóðnum er að gera félaginu kleift að leggja til hliðar fjármuni til að standa straum af kostnaði vegna stærri skrepa varðandi kerfisþróun Sarps og sarpur.is.

Veltufjórhlutfall sem er hlutfall skammtímaskulda af veltufé er 24,03.

Eiginfjórhlutfall þ.e. hlutfall eigin fjár af heildareignum er 95,8%.

Nánari upplýsingar er að finna í ársreikningi RS fyrir árið 2023.

## **Verkefnið um arftaka Sarps 3**

Að ofan hefur verið rakið hvernig MuseumPlus kerfið varð fyrir valinu sem arftaki núverandi kerfis, Sarps 3. Samhliða því sem gengið var frá samningum við eiganda kerfisins hófst undirbúningur innleiðingarinnar. Þá hafði um allnokkurt skeið staðið yfir gagnatiltekt í Sarpi 3 og hélt sú vinna áfram á árinu í samvinnu við viðkomandi gagnaeigenda. Fyrirfram var vitað að högun gagnagrunns Sarps 3 væri flókin og að nokkur áskorun yrði að flytja gögnin yfir í nýja kerfið.

Skipulag verkefnisins var rætt og ákveðið að Vala Gunnarsdóttir yrði verkefnisstjóri RS. Annaleida Schepers er verkefnastjóri verksala. Dagný Heiðdal var valin fulltrúi Listasafns Íslands í verkefnahópi, Gerður Róbertsdóttur fulltrúi Borgarsögusafns og Þorvaldur Böðvarsson fulltrúi Þjóðminjasafnsins. Þar sitja einnig Anna Rut Guðmundsdóttir og Sveinbjörg Sveinsdóttir. Ágústa Kristófersdóttir situr í stýrihópi auk framkvæmdastjóra og verkefnastjóra.

Ræsfundur verkefnisins var haldinn þann 18. október síðastliðinn og þar kynnti Zetcom sína þáttakendur í verkefninu sem og helstu samskiptatæki. Síðan þá hafa verið haldnir fastir verkefnafundir að jafnaði aðra hvora viku. Verkefnastjórar hafa einnig vikulega fundi. Að auki hafa verið haldnir fjölmargir aðrir fundir um aðskilin viðfangsefni en þó ekki síst um

gagnavarpanir og uppsetningu kerfisins. Fyrsti stýrihópsfundur var haldinn í lok janúar þessa árs.

Verk- og tímaáætlun var samþykkt á stýrihópsfundum í mars. Gagnaflutningur verður unninn í nokkrum fösum og þegar þessar línur eru ritaðar er beðið eftir því að hægt verði að skoða og prófa gögn úr fyrsta fasa.

Mikið hefur verið rætt á fundum þau atriði sem eru sértæk fyrir Sarp/Ísland, t.d. nafnaskrána (Íslenska stafrófið, röðun, tengingar við Þjóðskrá o.fl.), undirskrár Sarps, vinnumöppur, staðaskrána og sértæk skráningaratriði. Í umræðunni hefur verið lögð á það áhersla að reyna að einfalda kerfið eins og kostur er.

Að mörgu hefur verið að hyggja í verkefninu það sem af er. Auk þess sem að ofan hefur verið nefnt hefur verið unnið að Íslenskun kerfisins og uppsetningu skráningareyðublaða fyrir aðfangategundir. Í mars voru kallaðir saman nokkrir helstu sérfræðingar Sarpssafna og Zetcom og unnið saman á vinnustofum í húsnæði félagsins. Það voru góðir dagar og skiluðu drjúgri niðurstöðu.

### **Af vettvangi kerfisþróunar, viðhalds og reksturs Sarps 3**

Eins og undanfarin ár sá Prógramm ehf. um forritun vegna viðhalds Sarps 3 samkvæmt gildandi samningi sem gerður var síðla árs 2017. Sem fyrr er vinnan unnin undir handleiðslu fagstjóra Sarps. Fyrirtækið Þekking sér um hýsingu Sarps og sarpur.is.

Uppfærsla var gerð á stýrikerfi Sarpsvéla og gagnagrunnsumhverfi í september.

Á árinu voru kerfisuppfærslur, sem unnar eru í svokölluðum sprettum, alls fjórar talsins. Hér var mestmegnis um minniháttar viðhald að ræða t.d. villulagfæringar og smærri viðbætur. Nokkrar aðlaganir voru gerðar á leitinni, t.d. að nú er hægt að leita uppi þá gripi þar sem birting á ytri vef er leyfð eða ekki leyfð. Í nafnaskrá Sarps var bætt við kyninu „annað“ en þar hakast sjálfkrafa í ef einstaklingur í Þjóðskrá er með annað kyn en karl eða kona. Hnit voru keyrð inn á yfir 33 þúsund staði í staðaskrá Sarps. Þessir staðir voru tengdir við yfir 320 þúsund aðföng og má nú sjá Íslandskortið og tenginguna við google map mun oftast við skráningar á ytri vef Sarps.

Mest vinna forritara á árinu fór í áframhaldandi tiltekt í gögnum kerfisins. Er tiltektin liður í því að auðvelda vinnu þegar kemur að gagnaflutningum úr Sarpi 3 yfir í nýja kerfið.

### **Skráningarráð Sarps og skráningarhandbók**

Skráningarráð Sarps fundaði ekki á árinu 2023. Hlutverk ráðsins, sem hefur verið starfrækt frá árinu 2015, er að stuðla að samræmingu og gæðum skráninga í Sarp. Meginverkefni ráðsins er umsjón með skráningarhandbók Sarps auk þess sem ráðið ályktar um álitamál sem varða skráningu.

Í ráðinu sátu árið 2023: Þorvaldur Böðvarsson frá Þjóðminjasafni Íslands sem formaður, Anna Lís Guðmundsdóttir frá Borgarsögusafni Reykjavíkur, Elín Guðjónsdóttir frá Listasafni Íslands, Lýður Pálsson frá Byggðasafni Árnesinga og Nanna Þóra Áskelsdóttir frá Byggðasafninu í Görðum á Akranesi.

### **Fjöldi notenda – nýir notendur - umfang gagnasafnsins – heimsóknir á vefi**

Um mitt ár 2023 bættist Veiðisafnið í hóp aðildarsafna en Minjastofnun sem sagði upp samningi árið 2022 fór út sem greiðandi. Greiðendur í lok árs voru alls 61 talsins, þar af voru 38 með sameignaraðild að félaginu.

Í maí 2024 eru samtals 272 notendur skráðir með virkan aðgang á innri vef Sarps miðað við 332 virka notendur á sama tíma í fyrra. Þar af eru 17 aðgangar tengdir viðhaldi og daglegum rekstri kerfisins þ.e. ekki starfsmenn aðildarsafna. Um 79% eða 214 notendur voru með kerfisaðgang sem gerir kleift að bæði lesa, skrá og breyta eldri færslum einhvers aðfangs í Sarpi (B – breytinga- og skráningaraðgangur). 22 notendur eða 8% eru með leyfi til að nýskrá en ekki breyta og lagfæra eldri skráningar, nema sínum eigin (S-skráningaraðgangur) og 7% eða 19 notendur voru einungis með lesaðgang að kerfinu (L - lesaðgangur).

Heildarfjöldi skráðra aðfanga í Sarpi í maí 2024 1.676.896 í maí 2024 og er það aukning um 3,3% frá síðasta ári. Þar af eru 1.178.929 aðföng birt á sarpur.is í maí 2024 sem er aukning um 3,8% á ytri vef.

Nýskráningar ársins 2023 voru 47.748 og gerðar voru breytingar á 290.289 eldri færslum (þ.e. uppfærðar upplýsingar eða sett inn mynd).

Tölfræðiupplýsingarnar koma úr skýrslugerðartæki sem var búið til árið 2020 og sækir gögn beint úr kerfinu.

Á árinu 2023 voru heimsóknir á sarpur.is 192.000 talsins en voru 179.097 árið á undan sem er aukning upp á 7,2%. Síðuflettingar voru 1.354.000 en voru 1.283.064 árið áður. Notendur voru að meðaltali 05:06 mínútur inni á vefnum í hvert skipti. Flestir þeirra sem sækja vefinn heim eða 64% ratar inn á hann í gegnum leitarvélar á borð við Google (organic search). Um 20,7% fara beint inn á vefslóðina, 11,1% fara í gegnum samfélagsmiðla og um 4,2% í gegnum ýmiskonar tengla t.d. á heimasíðum safna, fjölmiðlum eða tölvupósti. Á árinu 2023 bættust við 10 sýningar á sarpur.is. Alls voru því 98 sýningar í birtingu á sarpur.is í árslok 2023.

### **Kennsla og notendapjónusta**

Ekki voru haldin eiginleg námskeið í Sarpi árið 2023 vegna vinnu við innleiðingu nýs kerfis. Nýir notendur fengu sent kennslumyndband og annað kennsluefni og ef eitthvað var óljóst eftir þá yfirferð var frekari spurningum svarað símleiðis eða á stuttum Teams fundum.

### **Lokaorð**

Stærsti áfangi á árinu 2023 var val á kerfinu MuseumPlus frá Zetcom sem næsta skráningar- og umsýslukerfi safna og samningar þar að lútandi. Inni í samningum er aðgangur að hugbúnaði fyrir ytri vef, svokölluðu eMuseumPlus sem er samtengt við skráningarkerfið. Nýr Sarpur mun koma í stað núverandi kerfis, Sarps 3 sem var tekið í notkun árið 2011 og sarpur.is sem var gangsettur 2013. Það er mikið tilhlökkunarefni að taka Sarp 4 í notkun og er stefnt að því á haustmánuðum ársins 2025.

Vinnan við innleiðingu nýja kerfisins stendur nú sem hæst og taka bæði starfsmenn Sarps og Landskerfis þátt í því verkefni auk notenda kerfisins og verktaka. Þessi hópur leggur á sig flókna vinnu til að skapa framtíðarvinnutæki fyrir söfn og aðra notendur Sarps 4. Það er á svona stundum sem mikilvægi samvinnunnar að baki Sarpi kemur best í ljós. Nú koma saman á fundum og í vinnustofum starfsmenn safna og sérfræðingar Sarps og Zetcom til að leysa þau vandamál sem koma upp við aðlögun kerfisins og gagnaflutning. Þau reyna að sjá fyrir sér framtíðarnotkun og koma kerfinu á það form að það verði góður vinnustaður fyrir safnafólk og aðgengilegur gangagrunnur fyrir bæði fræðimenn og forvitna grúskara. Þar verði auðvelt að halda utan um ævisögu einstakra aðfanga bæði innan og utan safns og sinna daglegri umsýslu, svo sem skrifa forvörsluskýrslur, útbúa sýningar og lána aðföng inn og út. Leitin verði einföld og þægileg og hjálpi notendum að finna bæði það sem þeir leita að og það sem þeir vissu ekki að hægt væri að finna. Framkvæmdastjórn RS færir þessum vaska hópi þakkir fyrir þá vinnu sem þegar er lokið og hvetjur þau til dáða í því verkefni sem framundan er. Uppskeran verður

á endanum nýtt kerfi sem þjónar okkar þörfum og setur okkur í samhengi við notendur MuseumPlus um allan heim.

Verkefni framkvæmdastjórnar er að tryggja rekstur félagsins og fjármagna uppbyggingu þess. Í samhengi við uppbyggingu á nýjum Sarpi er unnið að því að kaupa og innleiða DAM (e. Digital Asset Management) kerfi sem er nauðsynleg viðbót við nýtt skráningarkerfi sem og ytri vef Sarps. Varðveisla og miðlun stafrænna gagna er mikið til umræðu í dag og söfn mega ekki láta sitt eftir liggja í því samhengi. Í gegnum MSHL á RS í samtali við allar stærstu menningarstofnanir landsins um þetta mikilvæga verkefni. Þegar fyrstu áföngum innleiðingar á nýjum Sarpi verður lokið verður farið af krafti í fjármögnun og innkaup á DAM-kerfi.

Framkvæmdastjórn vill þakka fulltrúaráði og aðildarsöfnum Sarps fyrir gott samstarf á árinu. . Að endingu eru Sveinbjörgu Sveinsdóttur framkvæmdastjóra, Völu Gunnarsdóttur fagstjóra, Önnu Rut Guðmundsdóttur og öðrum starfsmönnum Landskerfis bókasafna færðar þakkir fyrir heilladrjúg störf í þágu félagsins.

F.h. framkvæmdastjórnar Rekstrarfélags Sarps

Ágústa Kristófersdóttir, formaður  
Björn Steinar Pálmason, gjaldkeri  
Gerður Róbertsdóttir, ritari